

REGLUGERÐ

um leyfilegan hámarksafla íslenskra loðnuveiðiskipa á vertíðinni 1997/1998.

1. gr.

Á loðnuvertíðinni 1997/1998, sbr. reglugerð nr. 373/1997, um loðnuveiðar 1997/1998, er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 1.008.025 lestir af loðnu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 659, 28. nóvember 1997, um leyfilegan hámarksafla íslenskra loðnuveiðiskipa á vertíðinni 1997/1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. mars 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.